

Eyjafjarðarsveit  
b/t Vigfús Björnsson  
Skólatröð 9  
601 Akureyri

Reykjavík 6. mars 2019  
UST201902-283/A.B.  
10.04.03

**Efni: Lýsing - Deiliskipulag fyrir ferðaþjónusta - Ytri-Bakki í Hörgársveit**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hörgársveitar er barst 26. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir Ytri-Bakki í Hörgársveit.

Í greinargerð kemur fram að markmið með skipulaginu er að byggja upp ferðaþjónustu og nýta þau gæði sem útvistarskógrinn á skipulagssvæðinu býr að.

Skipulagssvæðið er um 3,2 ha en í dag er þar íbúðarhús og þrjú frístundahús. Auk þeirra mun tillagan gera m.a. ráð fyrir nýju frístundahúsi, þjónustuhúsi og 8-10 húsbíla-/hjólhýsastæðum.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri skipulagslysingu, gerð grein með skýrum hætti fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Umhverfisstofnun telur að óbreyttu, að skipulagsáætlunin gefi ekki tilefni til frekari umsagnar stofnunarinnar í skipulagsferlinu, þar sem á skipulagssvæðinu eru ekki friðlýst svæði, svæði á náttúruminjaskrá eða svæði er njóta sérstakrar verndar skv. 61.gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Stofnunin bendir þó á að ef til þess kemur að veruleg frávik verða frá ofangreindri skipulagsáætlun, þá sérstaklega varðandi náttúruverndarsvæði þá gæti orðið tilefni til frekari umsagnar.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur